

Fundur upplýsingaráðs, mánudaginn 2. Nóvember 2015, kl. 16.30

Mættir: Helga Stefánsdóttir, Heiður Dögg Sigmarsdóttir, Jón Halldór Jónasson og Eva Rós Sveinsdóttir.

1. Fundargerðir: Hafa ekki verið í nógi góðu lagi, þurfum að fara yfir þær fundargerðir sem til eru. Ekki settar á netið fyrr en þær hafa verið samþykktar.
 - a. Hvaða vettvang getum við notað til að halda utan um fundargerðir, verkefni, dagsetningar og fleira? Eru hin ráðin með einhverja góða lausn, þurfum ekki öll að finna upp hjólið.
 - b. ERS fer yfir sameignina og sendir ráðinu til yfirferðar þær fundargerðir sem þar eru. Fundargerðir eiga að vera klárar í birtingu á vef fyrir helgi.
2. Upplýsingaflæði: Vantar meira flæði upplýsinga á milli ráða og hér innan skátamiðstöðvarinnar.
 - a. Spurt hvað sé að fréttu frá stjórn? Almenn löngun til að vera hluti af heildinni.
3. Kynningar- og samskiptaáætlun:
 - a. HDS: Kaflinn um samhæfingu og stjórnun BÍS er ekki nógu skýr. Þurfum að greina betur á milli, flokka betur niður.
 - b. Heiður segir okkur vera töluvert á eftir öðrum Norðurlandþjóðum. Danir eru til dæmis með tvo hópa, annar sér um „út-á-við“ þættina á meðan hinn hópurinn sér eingöngu „inn-á-við“ þættina. Mun skýrari útlistanir á hlutverki sjálfboðaliða svona „Hvert er hlutverk þitt og til hvers er ætlast af þér?“
 - c. Heiður kom með hugmynd sem fengin var að láni frá dönum, þar sem að stjórn bandalagsins og fastaráð eru með sérstakan klút sem er með mismunandi líningu eftir því í hvaða ráði þú starfar. Tilgangurinn er að skapa einingu og bjóða fólk velkomið í hópinn. Hugmyndin rædd, enn erum við þá ekki að brjóta þessa „heild“ sem að við viljum vinna með. Gæti líka orðið til „stéttarskiptingar“ sem að við viljum ekki.
4. Skátablað:
 - a. JHJ sendi í síðustu viku „open call“ á fastaráðin og stjórnir skátafélaga, ca. 150 tölvupóstar.
 - b. Blað gefið út fyrstu vikuna í desember. Þurfum því að fá aðsent efni fyrir 15. nóvember. Það gefur okkur smá tíma til að vinna efnið, og finna efni ef að við þurfum þess.
 - c. ERS sett í að finna leiðir til að „spara“ kostnað við útgáfu til að geta gefið út stærra upplag. Skoða verð, möguleika og skoða kostnað fyrri blaða. Vera með þessar upplýsingar klárar fyrir næsta fund.
5. Önnur mál
 - a. Viðburðadagatal BÍS á að vera tilbúið fyrir 10. nóvember n.k., hugmyndir komu upp um námskeið um samskiptamiðlamiðla, Upplýsingaráð á fræðslukvöldi og fleira. Viðburðir sem yrðu næsta haust.
 - b. Ungmennanæing verður í febrúar, er það vettvangur til að finna okkar unga fulltrúa?

Fundi slitið kl. 18:25

Fundargerð ritaði Eva Rós